

Sp. 660. Tillaga til þingsályktunar [324. mál]

um atvinnumál á Norðurlandi.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Pálmi Jónsson, Guðmundur Bjarnason,
Eyjólfur Konráð Jónsson, Valgerður Sverrisdóttir, Stefán Guðmundsson,
Svanfríður Jónasdóttir, Ragnar Arnalds, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta vinna nú þegar að tillögum til úrbóta í atvinnumálum á Norðurlandi. Tekið verði á eftirfarandi atriðum:

1. Leiðum til úrbóta á þessu ári.
2. Markmiðum sem stefna beri að í náinni framtíð.
3. Fjármögnun atvinnuuppbyggingar.
4. Uppbyggingu iðngarða þar sem fyrirtækjum gæfist kostur á að leigja atvinnuhúsnæði.

Greinargerð.

Atvinnuleysi á Norðurlandi fer vaxandi og veldur síauknum áhyggjum. Hætta er á fólksflótta frá Norðurlandi verði ekki reynt að snúa við blaðinu með því að styrkja stöðir þess atvinnulífs sem fyrir er og leita nýrra leiða í atvinnuuppbyggingu. Atvinnuleysi á Norðurlandi í jan. 1984 svaraði til þess að 1180 voru atvinnulausir allan mánuðinn. Á árinu 1983 var atvinnuleysi 2,05% á Norðurlandi en á sama tíma var landsmeðaltal 1,1%.

Þegar lítið er á aflatölur janúarmánaðar þessa árs kemur í ljós að samdráttur í fiskveiðum var afgerandi mestur á Norðurlandi miðað við sama tíma 1983. Afli báta á Norðurlandi dróst saman um 31,3% og afli togara um 27,4%. Ekki er von um bata í aflabrögðum á þessu ári og kemur þar til stjórnin á fiskveiðum sem bitnar þyngst á þeim landssvæðum sem byggja afkomu sína að meginhluta á sjávarútvegi. Er því útlit fyrir að atvinnuleysi muni aukast þegar líður á árið og kvótinn verður uppurinn.

Eitt hið alvarlegasta við búseturöskunina á landsbyggðinni er að hún er mest í aldurshópnum 20—30 ára. Það er fólk sem er að stofna heimili og fjárfesta og velja sér dvalarstað, oftast til frambúðar. Í því sambandi má minna á að atvinnuframboð fyrir langskólagengið fólk er ákaflega takmarkað úti á landi. Þetta kom fram í máli Þórðar Skúlasonar á fjórðungspingi Norðlendinga á Raufarhöfn á s. l. hausti.

Mikilvægt er að fjölbreyttari atvinnuuppbygging eigi sér stað á landsbyggðinni þannig að flestum gefist kostur á starfi við sitt hæfi. Til þess að ná því markmiði er mikilvægt að stjórnvöld marki stefnu í atvinnumálum.

Þau fjögur atriði, sem þessi tillaga til þingsályktunar felur í sér, mætti hugsa sér að yrðu falin fleiri en einum aðila til úrlausnar. Kemur vel til greina að setja á stofn opinbera nefnd um smáíðnað er starfi með svipuðum hætti og stóriðjunefnd.

Í fylgiskjali með þingsályktunartillögu þessari kemur glögglega fram að Norðurland hefur verið með hæsta hlutfall atvinnulausra síðan 1975.

Fylgiskjal

